# Vímuefnaneysla unglinga sem komu á meðferðardeild Stuðla á árunum 2003-2010 (8 ára tímabil)

Upplýsingar eru fengnar úr skriflegri vímuefnakönnun sem starfsmaður á meðferðardeild Stuðla gerir með unglingi

Til að gera samaburð marktækari er upplýsingunum skipt niður á þrjú tímabil:

2003-2004 (2 ár), 2005-2007 (3 ár) og 2008-2010 (3 ár)


Aldurskipting á meðferðardeild Stuðla
eftir tímabilum (samtals 8 ár frá 2003-2010, N=373)
13-14 ára, n=39 / 14-15 ára, n=117 / 15-16 ára, n=113 / 16-18 ára, n=104
40%
35%
30%
25%
20%
15%
10%
5%
0%
16-18 ára
14-15 ára
15-16 ára
13-14 ára
2003-04, n=102
2005-07, n=146
2008-10, n=125

# Hlutföll unglinga í meðferð á Stuðlum sem höfðu notað vímuefni **oftar en tvisvar sinnum yfir ævina**

8 ára tímabil, 2003-2010, N=373



# Hlutföll unglinga í meðferð á Stuðlum sem höfðu notað vímuefni **oftar en tuttugu sinnum ævina**

8 ára tímabil, 2003-2010, N=373



# Reykir þú? (Tóbaksreykingar)

| | Tímabil 1: 2003-2004 | | Tímabil 2: 2005-2007 | | Tímabil 3: 2008-2010 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Nei | 11 | 10,8% | 18 | 12,4% | 3 | 2,4% |
| Hef prófað | 3 | 2,9% | 7 | 4,8% | 2 | 1,6% |
| Já | 88 | 86,3% | 120 | 82,8% | 118 | 95,9% |
| Samtals | 102 | 100% | 145 | 100% | 123 | 100% |

Marktækur munur er á tóbaksreykingum milli tímabila. Fjölgað hefur í þeim hópi á tímabili 3 sem segjast reykja. Hér ber að hafa í huga að á umræddu tímabili voru umtalsvert fleiri 16 og 18 ára unglingar og færri yngri unglingar til meðferðar en á fyrri tímabilum (sjá töflu um aldursskiptingu).

# Stuðlar meðferðardeild: Tóbaksreykingar (Reykir þú?)






# Hversu oft hefur þú drukkið áfengi yfir ævina?

| | Tímabil 1: 2003-2004 | | Tímabil 2: 2005-2007 | | Tímabil 3: 2008-2010 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Aldrei | 9 | 8,8% | 10 | 6,8% | 3 | 2,5% |
| 1-2 sinnum | 2 | 2,0% | 8 | 5,5% | 10 | 8,3% |
| 3-10 sinnum | 14 | 13,7% | 13 | 8,9% | 18 | 15,0% |
| 11-20 sinnum | 13 | 12,7% | 22 | 15,1% | 13 | 10,8% |
| Oftar en 20 sinnum | 64 | 62,7% | 93 | 63,7% | 76 | 63,3% |
| Samtals | 102 | 100% | 146 | 100% | 120 | 100% |

Ekki er að sjá merki um breytingar á neyslu áfengis ef allur hópurinn er skoðaður. Hins vegar er hlutfallsleg aukning meðal 14 - 16 ára stráka en hlutfallslega almenn fækkun stúlkna sem nota áfengi oftar en 20 sinnum.

# Stuðlar meðferðardeild: Hversu oft drukkið áfengi yfir ævina?






# Hversu oft hefur þú reykt kannabisefni yfir ævina?

| | Tímabil 1: 2003-2004 | | Tímabil 2: 2005-2007 | | Tímabil 3: 2008-2010 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Aldrei | 26 | 25,5% | 46 | 31,7% | 34 | 27,9% |
| 1-2 sinnum | 13 | 12,7% | 10 | 6,9% | 11 | 9,0% |
| 3-10 sinnum | 15 | 14,7% | 18 | 12,4% | 16 | 13,1% |
| 11-20 sinnum | 13 | 12,7% | 13 | 9,0% | 7 | 5,7% |
| Oftar en 20 sinnum | 35 | 34,3% | 58 | 40,0% | 54 | 44,3% |
| Samtals | 102 | 100% | 145 | 100% | 122 | 100% |

Ákveðnar vísbendingar koma fram um að unglingum sem segjast hafa notað kannabisefni oftar en 20 sinnum fjölgi milli tímabila. Breytingin skýrist fyrst og fremst af því að á tímabili 2 fjölgar hlutfallslega 14-15 ára strákum sem hafa notað oftar en 20 sinnum. Einnig fjölgar hlutfallslega á milli allra tímabila 16-18 ára strákum en fækkar 16-18 ára stelpum sem hafa notað oftar en 20 sinnum.

# Stuðlar meðferðardeild: Hversu oft notað kannabisefni yfir ævina?






# Hversu oft hefur þú notað amfetamín yfir ævina?

| | Tímabil 1: 2003-2004 | | Tímabil 2: 2005-2007 | | Tímabil 3: 2008-2010 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Aldrei | 56 | 56,0% | 72 | 49,3% | 52 | 43,3% |
| 1-2 sinnum | 12 | 12,0% | 18 | 12,3% | 11 | 9,2% |
| 3-10 sinnum | 13 | 13,0% | 15 | 10,3% | 18 | 15,0% |
| 11-20 sinnum | 5 | 5,0% | 12 | 8,2% | 7 | 5,8% |
| Oftar en 20 sinnum | 14 | 14,0% | 29 | 19,9% | 32 | 26,7% |
| Samtals | 100 | 100% | 146 | 100% | 120 | 100% |

Fram kemur hlutfallsleg fjölgun milli tímabila í hópi þeirra sem hafa notað amfetamín oftar en 20 sinnum en á tímabilinu 2005-2007 var aukningin í hópnum 15-16 ára en á tímabilinu 2008-2010 í hópnum 16-18 ára. Fram kemur að þeim fjölgar hlutfallslega milli allra tímabila sem segjast hafa prófað amfetamín sem skýrist aðallega af hópnum 13-15 ára. Einungis einn 13 ára unglingur (af 38 jafnöldrum) segist hafa notað amfetamín oftar en 20 sinnum. Hlutfallslega fleiri stelpur en strákar hafa notað amfetamín oftar en 20 sinnum á öllum tímabilum.

# Stuðlar meðferðardeild: Hversu oft notað amfetamín yfir ævina?






# Hversu oft hefur þú notað kókaín yfir ævina?

| | Tímabil 1: 2003-2004 | | Tímabil 2: 2005-2007 | | Tímabil 3: 2008-2010 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Aldrei | 75 | 75,8% | 105 | 72,9% | 76 | 63,9% |
| 1-2 sinnum | 8 | 8,1% | 15 | 10,4% | 15 | 12,6% |
| 3-10 sinnum | 7 | 7,1% | 14 | 9,7% | 10 | 8,4% |
| 11-20 sinnum | 4 | 4,0% | 6 | 4,2% | 6 | 5,0% |
| Oftar en 20 sinnum | 5 | 5,1% | 4 | 2,8% | 12 | 10,1% |
| Samtals | 99 | 100% | 144 | 100% | 119 | 100% |

Vísbendingar eru um fjölgun á tímabili 3 í hópi þeirra sem hafa notað kókaín oftar en 20 sinnum og er þar aðallega um að ræða hlutfallslega aukningu í hópi 16-18 ára. Fækkun í hópi þeirra sem hafa aldrei prófað á tímabili 3 skýrist einnig af hópnum 16-18 ára. Hlutfallslega fleiri stelpur en strákar hafa notað kókaín oftar en 20 sinnum á öllum tímabilum. Einungis einn 13 ára unglingur (af 37 jafnöldrum) segist hafa notað kókaín oftar en 20 sinnum.

# Stuðlar meðferðardeild: Hversu oft notað kókaín yfir ævina?






# Hversu oft hefur þú misnotað Rítalín yfir ævina?

| | Tímabil 1: 2003-2004 | | Tímabil 2: 2005-2007 | | Tímabil 3: 2008-2010 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Aldrei | 35 | 60,3% | 91 | 65,0% | 79 | 66,4% |
| 1-2 sinnum | 7 | 12,1% | 18 | 12,9% | 9 | 7,6% |
| 3-10 sinnum | 2 | 3,4% | 13 | 9,3% | 10 | 8,4% |
| 11-20 sinnum | 2 | 3,4% | 5 | 3,6% | 8 | 6,7% |
| Oftar en 20 sinnum | 12 | 20,7% | 13 | 9,3% | 13 | 10,9% |
| Samtals | 58 | 100% | 140 | 100% | 119 | 100% |

Dregið hefur úr misnotkun Rítalíns milli tímabila, þeim fjölgar sem aldrei hafa misnotað Rítalín og þeim fækkar hlutfallslega frá tímabili 1 til tímabils 2 sem hafa misnotað það oftar en 20 sinnum. Hlutfall þeirra sem hafa misnotað Rítalín oftar en 20 sinnum er nánast óbreytt á tímabili 3 þrátt fyrir að þá hafi fleiri 16 og 18 ára unglingar verið til meðferðar en á báðum fyrri tímabilum.

# Stuðlar meðferðardeild: Hversu oft misnotað Rítalín yfir ævina?






# Hversu oft hefur þú notað e-pillur yfir ævina?

| | Tímabil 1: 2003-2004 | | Tímabil 2: 2005-2007 | | Tímabil 3: 2008-2010 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Aldrei | 70 | 70,0% | 102 | 70,3% | 75 | 64,1% |
| 1-2 sinnum | 11 | 11,0% | 15 | 10,3% | 16 | 13,7% |
| 3-10 sinnum | 12 | 12,0% | 14 | 9,7% | 9 | 7,7% |
| 11-20 sinnum | 3 | 3,0% | 7 | 4,8% | 7 | 6,0% |
| Oftar en 20 sinnum | 4 | 4,0% | 7 | 4,8% | 10 | 8,5% |
| Samtals | 100 | 100% | 145 | 100% | 117 | 100% |

Ekki koma fram vísbendingar um breytingar á neyslu milli tímabila 1 og 2. Á tímabili 3 fjölgar lítillega í hópi þeirra sem segjast hafa prófað e-pillur og í þeim hópi sem segist hafa notað oftar en 20 sinnum er aðallega um að ræða hlutfallslega aukningu í hópi 16-18 ára. Enginn 13 ára unglingur segist hafa notað e-pillur oftar en 20 sinnum.

# Stuðlar meðferðardeild: Hversu oft notað e-pillur yfir ævina?






# Hversu oft hefur þú notað sniffefni (gas, bensín, lím og fleira) yfir ævina?

| | Tímabil 1: 2003-2004 | | Tímabil 2: 2005-2007 | | Tímabil 3: 2008-2010 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Aldrei | 50 | 50,5% | 106 | 74,6% | 76 | 64,4% |
| 1-2 sinnum | 13 | 13,1% | 7 | 4,9% | 14 | 11,9% |
| 3-10 sinnum | 12 | 12,1% | 13 | 9,2% | 12 | 10,2% |
| 11-20 sinnum | 7 | 7,1% | 6 | 4,2% | 2 | 1,7% |
| Oftar en 20 sinnum | 17 | 17,2% | 10 | 7,0% | 14 | 11,9% |
| Samtals | 99 | 100% | 142 | 100% | 118 | 100% |

Marktækur munur kemur fram á neyslumynstri milli ára (P=0,010) því á tímabili 2 fækkar þeim umtalsvert sem hafa prófað eða notað sniffefni, einkum í hópi drengja. Svo virðist sem neysla sniffefna aukist síðan aftur á tímabili 3.

# Stuðlar meðferðardeild: Hversu oft notað sniffefni yfir ævina?






# Hversu oft hefur þú sprautað þig yfir ævina?

| | Tímabil 1: 2003-2004 | | Tímabil 2: 2005-2007 | | Tímabil 3: 2008-2010 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Aldrei | 67 | 94,4% | 132 | 97,1% | 105 | 94,6% |
| 1-2 sinnum | 1 | 1,4% | 2 | 1,5% | 2 | 1,8% |
| 3-10 sinnum | 1 | 1,4% | 0 | 0,0% | 3 | 2,7% |
| 11-20 sinnum | 1 | 1,4% | 0 | 0,0% | 1 | 0,9% |
| Oftar en 20 sinnum | 1 | 1,4% | 2 | 1,5% | 0 | 0,0% |
| Samtals | 71 | 100% | 136 | 100% | 111 | 100 |

Erfitt er að meta breytingar á sprautunotkun vegna þess hversu slík tilvik eru fá en alls sögðust 14 unglingar hafa sprautað sig á árunum 2003-2010 og þar af voru 8 einstaklingar á árunum 2003-2007. Sex einstaklingar á árunum 2008-2010 sögðust hafa sprautað sig en hafa ber í huga að þá eru 16-18 ára unglingar stærsti aldurshópurinn í vistun á Stuðlum.

Á öllum tímabilum frá 2003-2010 sögðust 5 drengir og 9 stúlkur hafa sprautað sig. Þar af sögðust tveir strákar hafa sprautað sig 1-2 skipti, einn sagðist hafa sprautað sig 3-10 sinnum, einn sagðist hafa sprautað sig 11-20 sinnum og einn sagðist hafa sprautað sig oftar en 20 sinnum. Þrjár stelpur sögðust hafa sprautað sig 1-2 skipti, þrjár sögðust hafa sprautað sig 3-10 sinnum, ein sagðist hafa sprautað sig 11-20 sinnum og tvær sögðust hafa sprautað sig oftar en 20 sinnum. Af þeim sem sögðust hafa sprautað sig oftar en 20 sinnum eru tveir einstaklingar 16-18 ára og einn einstaklingur 15-16 ára.

# Stuðlar meðferðardeild: Hversu oft sprautað sig yfir ævina?






# Hversu oft hefur þú misnotað læknislyf (verkja, svefn- eða róandi lyf) yfir ævina?

| | Tímabil 1: 2003-2004 | | Tímabil 2: 2005-2007 | | Tímabil 3: 2008-2010 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Aldrei | 45 | 47,9% | 73 | 52,1% | 71 | 61,2% |
| 1-2 sinnum | 18 | 19,1% | 22 | 15,7% | 4 | 3,4% |
| 3-10 sinnum | 10 | 10,6% | 14 | 10,0% | 8 | 6,9% |
| 11-20 sinnum | 5 | 5,3% | 4 | 2,9% | 7 | 6,0% |
| Oftar en 20 sinnum | 16 | 17,0% | 27 | 19,3% | 26 | 22,4% |
| Samtals | 94 | 100% | 140 | 100% | 116 | 100% |

Þeim unglingum fjölgar sem segjast aldrei hafa misnotað læknislyf en á hinn bóginn virðist hlutfallslegur fjöldi þeirra sem segjast hafa misnotað læknislyf oftar en 20 sinnum þokast upp á við milli tímabila (taka ber fyrirvara á túlkun því hér er um fáa einstaklinga að ræða). Umtalsvert fleiri stelpur segjast hafa misnotað læknislyf.

# Stuðlar meðferðardeild:

## Hversu oft misnotað læknislyf (verkja, svefn- eða róandi lyf) yfir ævina?






| | 2003-2005 | | 2010 | |
|---|---|---|---|---|
| • **2003-2005: 81 af 152 (53%) sagðist hafa misnotað ýmis læknislyf** | **2003-2005** | | **2010** | |
| • **2010: 21 af 38 (55%) sagðist hafa misnotað ýmis læknislyf** | **Fjöldi= hversu oft lyf er nefnt (ekki einstaklingar)** | | | |
| **Verkjalyf** | **Fjöldi** | **% af 81** | **Fjöldi** | **% af 38** |
| Parkodín/Parkodín forte | 11 | 14% | 1 | 5% |
| Paratabs, Panodíl, Íbúfen | 11 | 14% | 0 | 0% |
| Önnur verkjalyf (heiti ekki tilgreint) | 11 | 14% | 4 | 19% |
| **Sterk verkjalyf** | | | | |
| Contalgin | 2 | 2% | 1 | 5% |
| Morfín | 3 | 4% | 0 | 0% |
| Nobligan | 1 | 1% | 0 | 0% |
| Tramol | 1 | 1% | 1 | 5% |
| **Róandi lyf og svefnlyf** | | | | |
| Díazepam/valíum | 10 | 12% | 2 | 10% |
| Mogadon | 8 | 10% | 0 | 0% |
| Flunitrazepam/Líbríum/Sobríl | 4 | 5% | 0 | 0% |
| Önnur róandi lyf eða svefnlyf (heiti ekki tilgreint) | 21 | 26% | 5 | 24% |
| **Ofvirknilyf** | | | | |
| Rítalín | 55 | 68% | 3 | 14% |
| Concerta | | 0% | 6 | 29% |
| **Sjóveikilyf** | | | | |
| Koffinatín | 4 | 5% | 2 | 10% |
| Aðrar sjóveikitöflur (heiti ekki tilgreint) | 5 | 6% | 2 | 10% |
| **Flogaveikilyf** | | | | |
| Rivotríl | 10 | 12% | 3 | 14% |
| Lyrica | | 0% | 7 | 33% |
| **Parkinsonlyf -** Akineton | 1 | 1% | 0 | 0% |
| **Ýmis þunglyndis, kvíða eða geðlyf** - Zoloft, Efexor, Amelín, Aurorix, Depsín, Noritren, Seroquell, Rispertal, Lithíum, Truxal | 13 | 16% | 1 | 5% |
| **Hjartalyf (heiti ekki tilgreint)** | 23 | 28% | 0 | 0% |
| **Annað (ekki tilgreint eða ekki í yfjaskrá)** | 7 | 9% | 2 | 10% |

# Hversu oft hefur þú notað LSD yfir ævina?

| | Tímabil 1: 2003-2004 | | Tímabil 2: 2005-2007 | | Tímabil 3: 2008-2010 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Aldrei | 93 | 94,9% | 130 | 90,3% | 105 | 92,1% |
| 1-2 sinnum | 5 | 5,1% | 7 | 4,9% | 4 | 3,5% |
| 3-10 sinnum | 0 | 0,0% | 3 | 2,1% | 4 | 3,5% |
| 11-20 sinnum | 0 | 0,0% | 3 | 2,1% | 1 | 0,9% |
| Oftar en 20 sinnum | 0 | 0,0% | 1 | 0,7% | 0 | 0,0% |
| Samtals | 98 | 100% | 144 | 100% | 114 | 100% |

Ekki kemur fram marktækur munur á neyslumynstri milli ára.

# Stuðlar meðferðardeild: Hversu oft notað LSD yfir ævina?






# Hversu oft hefur þú misnotað sveppi yfir ævina?

| | Tímabil 1: 2003-2004 | | Tímabil 2: 2005-2007 | | Tímabil 3: 2008-2010 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Aldrei | 72 | 73,5% | 103 | 71,5% | 70 | 58,8% |
| 1-2 sinnum | 14 | 14,3% | 18 | 12,5% | 21 | 17,6% |
| 3-10 sinnum | 8 | 8,2% | 13 | 9,0% | 12 | 10,1% |
| 11-20 sinnum | 3 | 3,1% | 3 | 2,1% | 7 | 5,9% |
| Oftar en 20 sinnum | 1 | 1,0% | 7 | 4,9% | 9 | 7,6% |
| Samtals | 98 | 100% | 144 | 100% | 119 | 100% |

Á tímabili 3 fækkar í hópi þeirra sem aldrei hafa prófað sveppi. Fleiri strákar en stelpur hafa notað sveppi oftar en 20 sinnum.

# Stuðlar meðferðardeild: Hversu oft notað sveppi yfir ævina?






# Hversu oft hefur þú notað örvandi eða afkastahvetjandi efni (ripped-fuel og lík efni) yfir ævina?

| | Tímabil 1: 2003-2004 | | Tímabil 2: 2005-2007 | | Tímabil 3: 2008-2010 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Aldrei | 46 | 90,2% | 128 | 90,8% | 100 | 91,7% |
| 1-2 sinnum | 3 | 5,9% | 7 | 5,0% | 4 | 3,7% |
| 3-10 sinnum | 1 | 2,0% | 2 | 1,4% | 1 | 0,9% |
| 11-20 sinnum | 0 | 0,0% | 2 | 1,4% | 0 | 0,0% |
| Oftar en 20 sinnum | 1 | 2,0% | 2 | 1,4% | 4 | 3,7% |
| Samtals | 51 | 100% | 141 | 100% | 109 | 100% |

Ekki koma fram vísbendingar um marktækar breytingar.

# Stuðlar meðferðardeild:

**Hversu oft notað afkastahvetjandi efni (Ripped-fuel osfv) yfir ævina?**






# Hversu oft hefur þú notað heróín yfir ævina?

| | Tímabil 1: 2003-2004 | | Tímabil 2: 2005-2007 | | Tímabil 3: 2008-2010 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Aldrei | 95 | 99,0% | 141 | 99,3% | 115 | 99,1% |
| 1-2 sinnum | 0 | 0,0% | 1 | 0,7% | 1 | 0,9% |
| 3-10 sinnum | 1 | 1,0% | 0 | 0,0% | 0 | 0,0% |
| 11-20 sinnum | 0 | 0,0% | 0 | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Oftar en 20 sinnum | 0 | 0,0% | 0 | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Samtals | 96 | 100% | 142 | 100% | 116 | 100% |

Eins og fram kemur í töflunni er um að ræða einn einstakling á hverju tímabili sem segist hafa prófað heróín.

# Stuðlar meðferðardeild: Hversu oft notað heróín yfir ævina?




